



SAMNINGUR UM LANDSMÓT HESTAMANNA 2026

Á Hólum í Hjaltadal

6. til 12. júlí 2026

Samningur um Landsmót hestamanna 2026 á Hólum

Landsmót hestamanna ehf. kt. 501100-2690 Engjavegi 6 í Reykjavík (hér eftir nefnt LM), og Hestamannafélagið Skagfirðingur kt. 410316-1880 (skv. fyrirtækjaskrá RSK), (hér eftir nefnt Skagfirðingur), gera með sér samning um mótshald Landsmóts hestamanna 2026 á Hólum (hér eftir nefnt LM2026).

LM er í eigu Félags hrossabænda kt. 460281-0329, Bændahöllinni við Hagatorg, (hér eftir nefnt FHB) og Landssamband hestamannafélaga, kt. 710169-3579, Engjavegi 6 í Reykjavík, (hér eftir nefnt LH).

Stjórn LH velur og ákveður landsmótsstað hverju sinni að höfðu samráði við LM, sbr. gr. 6.1. laga LH.

LM og Skagfirðingur eru sammála um að vinna sameiginlega að því að halda Landsmót hestamanna 6. til 12. júlí 2026 þar sem að leiðarljósi er haft fjárhagsleg hagkvæmni, félagslegt réttlæti og samfélagsleg ábyrgð. Mótið skal fara fram skv. lögum og reglum LH.

A. Réttur til þess að halda LM2026

1. gr.

Veiting réttar til þess að halda LM2026

Með samningi þessum veitir LM, Skagfirðingi rétt til þess að halda Landsmót hestamanna á félagsvæði sínu á Hólum dagana 6. – 12. júlí 2026. Í þessu felst að Skagfirðingur sér um og ber ábyrgð á rekstri LM2026.

Afgjald sem Skagfirðingur greiðir LM fyrir réttinn er 8% af andviðri seldra miða en þó ekki hærri fjárhæð en 7.000.000 kr. Gert er ráð fyrir útgáfu 12.500 miða sem skulu vera númeraðir og skal miðasala fara fram með viðurkenndum hætti sem aðilar hafa kynnt sér og eru sammála um. Miðaverð verði sambærilegt miðaverði á undanförunum landsmótum.

Uppgjör á sér stað í gegnum sölukerfi sem valið er fyrir mótið og greiðist hlutur LM jafnhliða uppgjóri við miðasölufyrirtækið strax að loknu móti. Frímiðar af hálfu mótshaldara eru að hámarki 500 og skulu merktir sérstaklega og koma ekki til útreiknings á afgjaldi. Frímiðar umfram 500 koma til útreiknings á afgjaldi. Mótshaldarar skulu halda utan um og skila upplýsingum um frímiða til LM.

LM á rétt á 40 vikupössum án endurgjalds og skal skila inn upplýsingum til Skagfirðings um hvernig þeim verður ráðstafað fyrir 15 júní 2026.

LM hefur, án sérstakrar greiðslu, rétt á að bjóða styrktaraðilum LH, FHB og landsliðs Íslands í hestaíþróttum sýnileika á Landsmótinu. Mun sá sýnileiki fela í sér að styrktaraðilar LH, FHB og landsliðsins fái a.m.k. þrjár síður í mótsskrá mótsins (eina framarlega, eina fyrir miðju og eina fyrir aftan miðju), á heimasíðu Landsmótsins og á mótsstað í formi einnar fánaborgar og eina auglýsingu á risaskjá. Munu styrktaraðilar LH og landsliðsins vera kynntir sérstaklega sem slíkir, til aðgreiningar frá öðrum styrktaraðilum Landsmóts.

Skagfirðingur mun fá afnot af eftirtöldum eignum LM á LM2026 endurgjaldslaust: rafmagnstenglum, dómhúsum og tímatökubúnaði. Skagfirðingur fær afnot af léninu www.landsmot.is frá og með 1. september 2024 til 31. ágúst 2026. Skagfirðingur stendur straum af öllum kostnaði sem til fellur

vegna vefsins á þessu tímabili. Kostnaður sem fellur til vegna skráningakerfisins Sportfengs fellur á mótshaldara.

Komi til óyggjandi forsendubrests varðandi mótahaldið verður samningurinn tekin til endurskoðunar.

Skagfirðingur afhendi LM ársreikning LM2026 fyrir 1. maí árið 2027. Einnig fái LM afhent afrit af skýrslum sem gerðar eru um mótið svo sem skýrslu framkvæmdarstjóra og öðrum skýrslum og rannsóknum sem gerðar verða um mótið fyrir 1. maí 2027.

B. Mótssvæðið

2. gr. Almennt

LM gerir ákveðnar kröfur um aðbúnað mótssvæðisins, aðstöðu fyrir gesti, keppendur o.fl. Rétti til þess að halda LM2026 fylgja þær skyldur sem nánar er fjallað um í þessum samningi.

Mótssvæðið skal vera þannig að þar sé hægt að taka á móti allt að 12.500 gestum og allt að 1.200 hrossum. Skal mótssvæðið og aðgengi að því taka mið af þessu og þeim almennu kröfum sem opinberir aðilar gera.

3. gr. Uppdráttur af svæði

Skagfirðingur leggur til mótssvæðið, í samræmi við meðfylgjandi uppdrátt, merktur sem fylgiskjal A. Skal endanlegur uppdráttur af mótssvæðinu liggja fyrir við undirskrift.

Uppdrátturinn skal hnitsettur og unninn af viðurkenndum aðila. Á uppdráttinn skal m.a. merkja og afmarka sérstaklega mótssvæðið sem slíkt, akvegi, reiðleiðir, girðingar, upphitunarbrautir, hringvelli, sýningarbraut, neyðarleiðir, dómpall, dómaraaðstöðu, áhorfendasvæði, þ.m.t. svæði fyrir snyrtingar, salernisaðstöðu, þjónustu- og markaðssvæði, bíla-, kerru-, og gámastæði, tjaldsvæði, hjólhýsa- og tjaldvagnaaðstaða, rafmagnstengla, spennistöðvar, aðstöðu fyrir hestamannafélög og keppendur, skrifstofuaðstöðu, fjölmiðlaaðstöðu, barnagarð, vatnslagnir og rafmagnslagnir.

LM og Skagfirðingur skulu samþykkja framangreindan uppdrátt með undirritun sinni á hann. Komi til breytinga á uppdrætti eftir framlagningu hans skulu báðir samningsaðilar vera ásáttir um þær breytingar og samþykkja þær sérstaklega með undirritun sinni á nýjan uppdrátt.


4. gr. Afmörkun mótssvæðis

Afmörkun svæðis er skilgreind á uppdrætti á fylgiskjali merktu A.

5. gr.
Keppnis- og sýningarvellir

Á mótssvæðinu skulu vera upphitunarbrautir keppnis- og sýningarhrossa, hringvellir, (aðalvöllur, upphitunurvöllur) ásamt sýningarbraut fyrir kynbótahross og kappreiðabraut. Keppnisvellir skulu uppfylla þær kröfur sem gerðar eru skv. lögum LH vegna þeirra keppna sem fara fram á LM2026. Þá skulu sýningarvellir uppfylla kröfur reglna BÍ um kynbótasýningar, sbr. 2. tölul. viðauka við reglugerð nr. 442/2011, um uppruna og ræktun íslenska hestsins.

Allir vellir skulu undirbúnir í samráði við mannvirkjanefnd LH. Umsjón valla og kostnaður vegna viðhalds á þeim í aðdraganda LM2026 og á meðan á mótinu stendur skal alfarið vera í höndum Skagfirðingi.



6. gr.
Stjórnstöð LM2026 og aðstaða fyrir fjölmiðla

Skagfirðingur skal útvega skrifstofuaðstöðu á mótssvæðinu fyrir stjórnstöð LM2026 sem og skrifstofuaðstöðu fyrir fjölmiðla.

7. gr.
Aðstaða dómara

Skagfirðingur skal sjá til þess að við alla velli verði dómpallur og dómaraaðstaða fyrir þuli og starfsmenn eftir því sem þörf er á. Þá skal gera ráð fyrir að koma þurfi fyrir sérstakri stjórnstöð dómara. Í stjórnstöð dómara skulu vera 10 ampera rafmagnstengingar og ljósleiðaratenging. Þá skal vinnuaðstaða dómara vera viðunandi að mati LM.

8. gr.
Gæsla

Öll gæsla, þ.m.t. öryggis- og löggæsla og vakt heilbrigðisstarfsfólks, á mótssvæðinu á LM2026 verður á hendi Skagfirðings. Skagfirðingur skal sjá um alla samninga um gæslu við og á mótssvæðinu eins og það er skilgreint í fylgiskjali A. Umfang gæslu skal miðast við þarfagreiningu og tímaáætlun sem verkefnisstjórn LM2026 vinnur eða lætur vinna og skal hún liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2025. Skagfirðingur skal sjá til þess að á mótssvæðinu verði aðstaða fyrir starfsmenn sem sinna öryggis- og löggæslu og vakt heilbrigðisstarfsfólks á LM2026.

9. gr.
Áhorfendasvæði

Áhorfendasvæði við velli skulu taka mið af heildarfjölda gesta á LM2026, samtals 12.500 gestum. Gert er ráð fyrir að áhorfendasvæði verði við velli og skulu þau auðkennd á uppdrætti á fylgiskjali merktu A. Tryggja skal gott aðgengi fatlaðra að áhorfendasvæði.

10. gr.
Akvegir og umferðarstjórnunaráætlun

Alla akvegi skal auðkenna á uppdrætti á fylgiskjali merktu A. Skagfirðingur skal bera ábyrgð á að akvegir innan mótssvæðis verði rykbundnir, eftir því sem það getur átt við.



Skagfirðingur skal láta viðurkenndan aðila, t.d. Vegagerðina, lögreglu eða verkfræðistofu, vinna umferðarstjórnunaráætlun fyrir LM2026. Umferðarstjórnunaráætlun skal fjalla um akandi og gangandi umferð gesta, keppenda, m.t.t. staðsetningar bílastæða, tjaldstæða, áhorfendasvæða, markaðssvæðis o.þ.h. til og frá mótssvæðinu og innan þess. Umferðarstjórnunaráætlun skal miða að því að gestir, starfsmenn LM2026, keppendur, hross, þjónustuaðilar og viðbragðsaðilar hafi góðan og greiðan aðgang að mótssvæðinu og að umferð innan mótssvæðisins gangi vandræðalaust fyrir sig og að umferðarhnútar myndist ekki. Þessi umferðarstjórnunaráætlun skal liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2025.

11. gr.
Neyðarleið

Á uppdrætti skal sérstaklega merkja neyðarleið fyrir sjúkrabíla og aðra viðbragðsaðila. Jafnframt skal skilgreina á uppdrætti aðstöðu löggæslu og almennrar gæslu.

12. gr.
Hreinlæti og salernisaðstaða

Skagfirðingur sér um öll hreinlætis- og salernismál á mótssvæðinu sem skulu fullnægja kröfum heilbrigðisfyrivalda með hliðsjón af reglum um útsamkomur og þeim fjölda gesta sem samningur þessi miðast við, þ.e. allt að 12.500 manns. Salerni og sorpstöðvar skulu merktar inn á uppdrátt á fylgiskjali merktu A. Skagfirðingur skal sjá til þess að mótssvæðið sé snyrtilegt á meðan á móti stendur.

Gert skal ráð fyrir að endurvinnanlegum umbúðum, s.s. flöskum og dósum, verði safnað í sérstök ílát. Skagfirðingur eða aðili á þeirra vegum skal njóta góðs af skilagjaldi umbúðanna.

Fjöldi salerna og sorpstöðva skal vera í samræmi við þarfagreiningu sem verkefnisstjórn LM2026 lætur vinna og skal hún liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2025.

13. gr.
Vatn

Skagfirðingur skal sjá til þess að nægjanlegt drykkjarhæft vatn verði til staðar á mótssvæðinu, þ.m.t. á tjald-, hjólhýsa- og tjaldvagnastæðum.

14. gr.
Þjónustu- og markaðssvæði

Skagfirðingur skal sjá til þess að á mótssvæðinu verði sérstakt markaðs- og þjónustusvæði og skal það auðkennt á uppdrætti á fylgiskjali merktu A og stærð þess tilgreind. Stærð þjónustu- og markaðssvæðis skal vera í samræmi við það sem nauðsynlegt þykir. Nauðsynlegar lagnir skulu vera til staðar á því svæði. Gera skal ráð fyrir því að á svæðinu verði hægt að bjóða upp á veitingar. Svæðið skal vera snyrtilegt og gera þarf ráð fyrir rúmu gámasvæði nálægt því fyrir þjónustuaðila. Svæðið skal uppfylla reglur heilbrigðiseftirlits og vinnueftirlits.

15. gr.
Rafmagn og internetssamband

Skagfirðingur skal sjá til þess að raforkuþörf vegna LM2026 verði fullnægt, þ.m.t. fyrir veitingaaðila, starfsmenn, markaðssvæði, áhorfendasvæði, keppnis- og sýningarvelli, dómaraaðstöðu o.fl. Miða

45

skal við að hjólhýsastæði þurfi 630 amper, veitinga- og markaðssvæði 630 amper en önnur raforkuþörf er a.m.k. 200 amper. Heildarraforkuþörf er þannig a.m.k. 1.460 amper. Staðsetning spennistöðva skal merkt inn á uppdrátt á fylgiskjali merktu A.

Skagfirðingur skal sjá til þess að fullkomin ljósleiðaratenging verði á svæðinu. Ljósleiðaratengingu þarf a.m.k. inn í stjórnstöð dómara, stjórnstöð LM2026 og útsendingarbífreið.

16. gr.
Aðstaða fyrir hross

Tilgreina skal á uppdrætti á fylgiskjali merktu A, hvar aðstaða fyrir hross er staðsett og hversu mörg hross komast þar fyrir. Verkefnisstjórn LM2026 skal halda skrá utan um laus hesthúspláss á og nálægt svæðinu og skal aðstoða þá sem sækjast eftir plássi fyrir hest meðan á LM2026 stendur. Verkefnisstjórn LM2026 skal útbúa samningsform vegna leigu á aðstöðu fyrir hross á meðan LM2026 stendur.

17. gr.
Bíla-, kerru-, og gámastæði

Tilgreina skal á uppdrætti á fylgiskjali merktu A, hvar bílastæði fyrir mótsgesti og starfsmenn eru, stæði fyrir flutningabíla og hestakerrur, gámasvæði fyrir LM og þjónustuaðila. Bílastæði skulu vera næg og afmörkuð og merkt með greinilegum hætti. Skilgreina skal bílastæði fyrir fatlaða á uppdrættinum. Stærð þessara svæða skal skilgreind á uppdrættinum.

18. gr.
Merkingar

Skagfirðingur skal koma fyrir merkingum á mótssvæðinu, þ.m.t. umferðarmerkingum og leiðbeinandi merkjum fyrir gesti, keppendur, þjónustuaðila og aðra.

19. gr.
Tjaldstæði

Skagfirðingur skal sjá til þess að til staðar verði afmörkuð tjaldsvæði og skulu þau merkt á uppdrátt á fylgiskjali merktu A. Stærð svæðisins skal skilgreint á uppdrættinum.

Þá skal sérstaklega afmarkað svæði fyrir húsbíla, fellihýsi og tjaldvagna. Á þessu stæði skal að auki vera aðgangur að rafmagni. Á þessu svæði skal miða við að hægt verði að vera með um 300 rafmagnstengla fyrir húsbíla, fellihýsi og tjaldvagna. Stærð svæðisins skal skilgreind á uppdrættinum.

Þá skal á uppdrætti á fylgiskjali merktu A afmarka sérstaklega tjaldbúðir og aðstöðu fyrir hestamannafélög og keppendur. Stærð svæðisins skal skilgreint á uppdrættinum.

Á öllum framangreindum svæðum skal vera rennandi drykkjarvatn úr krönum og vaskaborðum eftir þörfum. Þá skal á síðastnefnda svæðinu vera aðgengi að brynningavatni.

20. gr.
Barnagarður

Skagfirðingur skal sjá til þess að til staðar verði afgirt leiksvæði fyrir börn og skal það merkt á uppdrátt á fylgiskjali merktu A. Skagfirðingur skal annast rekstur leiksvæðisins. Mælt er til þess að leiksvæði barna opni um leið og formleg keppni hefst.

C. Framkvæmdir, mótstjórn og verkefnisstjórn LM2026

21. gr.
Framkvæmdir

Öllum nauðsynlegum framkvæmdum við velli og áhorfendasvæði skal vera lokið fyrir 1. desember 2025.

Öllum framkvæmdum skal lokið eigi síðar en 15. júní 2026 og skal þá mótssvæðið komið í umsamið ásigkomulag. Skal þá fara fram úttekt mannvirkjanefndar LH og LM.

22. gr.
Mótstjórn



Skagfirðingur skipar mótstjórn. Í henni sitja fulltrúi frá LM, fulltrúi frá knöpum, vallarstjóri, mótstjóri, yfirdómari í gæðingakeppni, hrossaræktarráðunautur Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins ehf. og framkvæmdastjóri mótsins sem kallar mótstjórn saman.

23. gr.
Verkefnisstjórn LM2026

Verkefnisstjórn undirbýr og fjallar um verklegar framkvæmdir á mótssvæðinu, samvinnu aðila, sameiginleg hagsmunamál og markaðssetningu LM2026. Verkefnisstjórn skal skipuð og koma saman fyrir árslok 2023. Skagfirðingur skipar verkefnisstjórnina og m.a. munu eiga þar sæti einn fulltrúi frá LM, fulltrúar frá Skagfirðingi og fulltrúar frá sveitarfélaginu Skagafirði. Verkefnisstjórnin skal funda eftir því sem þurfa þykir og stjórnarmenn geta kallað eftir fundi. Formaður verkefnisstjórnarinnar er fulltrúi Skagfirðings og hann boðar til funda.

D. Markaðssetning og þjónustu- og markaðssvæði

24. gr.
Markaðssetning

Stjórn og starfsfólk LM, FHB og LH mun leggja sig fram við að kynna almennt mótið. LM skal eftir atvikum markaðssetja mótið í samvinnu við verkefnið „Horses of Iceland“ verði það verkefni enn í gangi. Skagfirðingur mun vinna með verkefninu að markaðssetningu á mótinu og veita verkefninu aðstöðu á LM2026 ef þörf krefur. Skagfirðingur fær afnot af léninu www.landsmot.is frá og með 1. september 2024 til 31. ágúst 2026. Skagfirðingur stendur straum af öllum kostnaði sem til fellur vegna vefsins á þessu tímabili.



25. gr.
Einkaréttur á allri sölu

Skagfirðingur hefur einkarétt á allri sölu veitinga, varnings og þjónustu, hvaða nafni sem hún nefnist, á öllu mótsvæðinu. Skagfirðingur mun, eftir því sem við getur átt og eftir fremsta megni, beita sér fyrir því að framboð á vöru og þjónustu verði sem fjölbreyttast.

26. gr.
Dómgæsla

Dómgæsla í gæðingakeppni skal vera með því fyrirkomulagi að tveir dómarmar dæmi saman sem par, en ekki dómari og ritari. Gæðingadómarmar eru alls 12 talsins að meðtöldum einum varadómara og einum yfirdómara. Eftirlitsdómari verður ráðinn og kostaður af LM. Dómarmar eru ráðnir til mótsins samkvæmt lögum LH og kjör dómara verða samkvæmt samningi GDLH og Skagfirðings.

E. Fagleg stjórn LM2026 og sjónvarpsupptökur

27. gr.
Fagleg stjórn LM2026

Fagleg stjórn LM2026 skal vera í höndum mótsstjórnar, sbr. 22. gr., þ.e.a.s. stjórnun keppni og sýninga, dómarmastörf, samskipti við hestamannafélög o.þ.h.

28. gr.
Sjónvarpsupptökur

Skagfirðingur hefur einkarétt á sjónvarpsútsendingum og netstreymi frá LM2026 á meðan á móti stendur. LM er á hinn bóginn eigandi að upptökum og hefur einkarétt á sýningum og sölu á myndefni frá LM2026 eftir að mótinu lýkur. Skagfirðingur ber ábyrgð á öllum kostnaði í tengslum við framangreint og heldur öllum tekjum vegna sýninga og streymis frá mótinu á meðan á því stendur.

Fyrirkomulag á upptöku og gæðum sjónvarpsefnis skal vera fullnægjandi miðað við tækni þess tíma og skal vera samþykkt af LM í síðasta lagi 1. júní 2026.

F: Sjálfbóðaliðastarf

29. gr.
Sjálfbóðaliðastarf

Skagfirðingur skal vinna að því að tryggja öflugt sjálfbóðaliðastarf á LM2026. Um skipulagningu sjálfbóðaliðastarfs á LM2026 skal fjallað sérstaklega í verkefnisstjórn LM2026.

G. Skemmtidagskrá og afþreying

30. gr.
Skemmtidagskrá og afþreying

Skagfirðingur ber ábyrgð á allri skemmtidagskrá og afþreyingu á mótssvæðinu, m.a. tónlistaratriði, tónleika og afþreyingu fyrir mótsgesti.

H. Fjármál o.fl.

31. gr. Greiðslur til LM

Eins og um var fjallað í 1. gr. samningsins veitir LM Skagfirðingi rétt til þess að halda Landsmót hestamanna á Hólum sumarið 2026. Í þessu felst að Skagfirðingur sér um og bera ábyrgð á rekstri LM2026. Þessi réttur miðast við að LM2026 verði haldið á Hólum.

32. gr. Framkvæmda- og rekstraráætlun

Skagfirðingur skal kynna LM framkvæmda- og rekstraráætlun vegna LM2026 eigi síðar en 1. desember 2025.

33. gr. Styrkur frá mennta- og menningarmálaráðuneyti

LH og LM sjá um, í samráði við Skagfirðing, að sækja um styrkveitingu frá ríki, af óskiptum liðum menningarmála fyrir árin 2025 og 2026 sem sótt er um 2024 og 2025. Skal umsóknin vera tilbúin eigi síðar en þremur vikum áður en umsóknarfrestur rennur út. Mennta- og menningarmálaráðuneyti mun þá úthluta styrkjum til verkefna er stuðla að faglegri uppbyggingu á sviði menningarmála. Styrkirnir skulu allir renna óskiptir til Skagfirðings. LH getur ekki ábyrgst að styrkir samkvæmt framangreindu fái til verkefnisins enda er styrkveitingin sem slík í höndum mennta- og menningarmálaráðherra.

34. gr. Endurskoðun samnings

Samningur þessi skal endurskoðaður ef þurfa þykir fyrir 1. desember 2024 og þá skal horft til reynslu af framkvæmd og uppgjöri vegna LM2024.

I. Uppsögn samnings

35. gr. Einhliða og fyrirvaralaus uppsögn

Skagfirðingi er heimilt að segja samningnum upp einhliða, fyrirvaralaust og bótalaust fyrir 1. desember 2024.

Við eftirtalдар aðstæður er LM heimilt að segja samningnum upp einhliða, fyrirvaralaust og bótalaust.

- a) Ef Skagfirðingur hefur ekki uppfyllt skyldur sínar um ástand svæðisins fyrir tilgreind tímamörk, sbr. B. kafla þessa samnings.
- b) Ef um er að ræða breytingar á eignaraðild í Skagfirðingi þannig að geta félagsins til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins minnkar verulega að mati LM.

- c) Ef fjárhagsstaða Skagfirðings breytist verulega þannig að geta félagsins til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins minnkar verulega að mati LM.
- d) Ef fjárnám verður gert hjá Skagfirðingi komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi félagsins, það leiti nauðasamninga eða eignir þess auglýstar á nauðungaruppbóði.

J. Önnur ákvæði

36. gr.

Breytingar á samningnum og tilkynningar milli aðila samningsins



Allar beiðnir um breytingar á samningnum, svo og breytingarnar sjálfar ef til koma, skulu vera skriflegar.

Allar tilkynningar og beiðnir í tengslum við samninginn skulu vera skriflegar (bréf eða tölvupóstur).

37. gr.

Rísi mál útaf samningi þessum

Rísi mál út af samningi þessum skulu aðilar leita allra leiða til þess að ná sáttum. Ef sættir nást ekki skal leysa málið fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

38. gr.


Eintök samningsins og undirritun

Samningur þessi er alls 11 blaðsíður, að forsiðu og undirritunarsíðum meðtöldum, og er gerður í tveimur samhljóða frumritum fyrir hvorn aðila.


Sérstök undirritunarsíða fylgir.


STS
HT

Hólum í Hjaltadal, 21. nóvember 2020,


F.h. Landsmóts hestamanna ehf.


F.h. Hestamannafélagsins Skagfirðings



F.h. Félags hrossabænda



F.h. Hestamannafélagsins Skagfirðings


Hrefa Jóhannesdóttir

Vottar:



Nafn


Kennitala


Nafn


Kennitala

Viðauki I – Grunnmynd af landsmótssvæðinu á Hólum í Hjaltadal



Viðauki II – Yfirlitsmynd af landsmótssvæðinu á Hólum í Hjaltadal

